

# Fréttablað Dalheima

1.tölublað Október

## Fyrsti fréttaklúbbur Dalheima

Eftir Lilju Mörtu, 06.10.2022

Í síðustu viku var fyrsti Mikilvægur fundur Dalheima. Á fundinum var farið yfir hugmyndir úr hugmynda-kassa Dalheima. Fréttaklúbbur var meðal hugmynd-anna og út frá því kom sú hugmynd að gera Frétt-blað Dalheima. Til að flestir sem hafa áhuga gætu tekið þátt var klúbburinn haldinn þrisvar sinnum. Leiðbeinendur klúbbsins voru Lilja Marta forstöðu-kona og Arnar Páll sem er vanur fréttamaður. Þetta blað verður fyrsta tölublað af vonandi mörgum í haust.


Hér eru fyrstu fréttafólk Dalheima.



Kolfinna, Úlfhildur, Áshildur, Hrafnkell og Vlad



Andrea Embla og Bryndís Lína



Benedikt



Arndís, Sóley, Alexandra og Dagbjört

# Dagurinn í Dalheimum

Eftir Andreu Emblu og Bryndísi Línu, 04.10.2022



Skrá inn í ípad



Ávextir



Útivera



Fréttaklúbbur



Grímugerð



Perla



Bókahorn

Við byrjum daginn á að skrá okkur inn og fá okkur hressingu. Síðan förum við að leika okkur úti. Svo förum við að velja hvað við getum gert. Í lok dagsins förum við að snúa myndinni okkar við og svo förum við heim.

Í dag var grímugerð, fréttaklúbbur og í boði að lesa bók og perla. Fengum appelsínur í ávaxtastund. Einnig í boði útivera.

## Plötusnúður og Dómari í Dalheimum

Eftir Benedikt Melax, 04.10.2022



Viðtal við Gunnar Odd

„Mér finnst mjög gaman að vinna í Dalheimum“ segir Gunnar Oddur aðstoðarforstöðumaður Dalheima. En hann er ekki bara að vinna í Dalheimum. Hann er nefnilega líka fótboldadómari. Byrjaði 15 ára að dæma og finnst það ægilega skemmtilegt.

„Svo er ég stundum plötusnúður. Spila oft fyrir unglinga í 8., 9. og 10. bekk. Það finnst mér líka mjög gaman“.

## Það vantar körfuboltavöll í Dalheima

Eftir Hrafnkell og Vlad, 05.10.2022

Það er bara ein karfa í Dalheimum. Í könnun sem var gerð 5. október í Dalheimum sögðu 20 af 27 að þau vilja körfuboltavöll. Það er sniðugt að setja völlinn hjá hinni körfunni. Vonandi kemur körfuboltavöllur fljótlega.



## Pastasalat í Dalheimum

Eftir Áshildi, Kolfinnu og Úlfhildi, 05.10.2022



Pastasalatíð

Í dag var í fyrsta sinn sem það var pastasalat. Í salatinu var gúrka, skinka, paprika, pastaskrúfur, hvítlaussósa og tómatar. Sumum finnast tómatar góðir en sumum vondir. Gígja starfsmaður bjó til salatið. Við vonum að það komi pastasalat bráðum aftur.

“Þetta er besti matur sem hefur verið í Dalheimum“ - barn að borða



Krakkarnir voru ánægð

## Hræðilegt stríð

Eftir Alexöndru og Dagbjörtu, 06.10.2022



Okkur finnst stríðið í Úkraínu mjög hræðilegt. Rússar eru að ráðast á Úkraínu af því þeir vilja ná hinum hlutanum af Úkraínu. Við vorum að stríðinu ljúki brátt :)



## Hvers vegna er gaman í Dalheimum?

Eftir Arndísi og Sóleyju, 06.10.2022

Í könnun sem Sóley og Arndís gerðu 6.október 2022 kom í ljós að flestum finnst skemmtilegast að perla. Sumir völdu bíó, plúskubbar eru skemmtilegri, það er margt val, það eru margir leikir. Það er líka mjög skemmtilegat að mála, leir er mjög skemmtilegur og að leika úti.




Viðhorfskönnun við valmöfluna

# DALHEIMAR



Flestum finnst gaman að perla



Plúskubbar eru vinsælir